

Ed.

222. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt við fulltrúa frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, samtökum banka, sparisjóða og lífeyrissjóða, Húsnæðisstofnun og Framkvæmdastofnun. Auk þess hafa nefndinni borist erindi og umsagnir frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Landsvirkjun, Íslenska járnblendifélaginu, iðnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu, Kísiliðjunni, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Vita- og hafnamálastjórn, stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, Sementsverksmiðju ríkisins, Ríkisskip, Iðnþróunarsjóði, Bjargráðasjóði, Áburðarverksmiðju ríkisins. Einnig hefur nefndin fengið margvísleg gögn frá fjármálaráðuneytinu og notið aðstoðar embættismanna ráðuneytisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Í breytingartillögunum er gerð tillaga um nýja grein, sem fjallar um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum, og hefur orðalag greinarinnar mótast í viðræðum við fulltrúa sjóðanna. Einnig eru í breytingartillögunum hækkanir á 1. og 9. gr. frv., sem miðast við lækkaða áætlun á tekjum vegna kaupa lífeyrissjóðanna og lánveitingar vegna skuldbindinga Bygðasjóðs og ýmissa annarra atriða. Nánar verður gerð grein fyrir þessum breytingartillögum í framsöguræðu.

Alþingi, 16. des. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form., frsm.

Guðm. Bjarnason.

Gunnar Thoroddsen.

Davíð Aðalsteinsson.